



Stefna Siglingasambands Íslands 2026–2036

Framtíðarsýn, markmið og aðgerðaáætlun.

Framtíðarsýn – 10 ára markmið

Siglingasamband Íslands (SÍL) stefnir að því að:

- Að Ísland verði leiðandi siglingaþjóð með samkeppnishæft íþróttafólk á alþjóðavettvangi.
- Próa blómlegt siglingasamfélag þar sem einstaklingar á öllum aldri geta tekið þátt í íþróttinni á sínum forsendum og stuðlað að bættri heilsu með hollri útivist.
- Efla sjálfbærni, öryggi og nýsköpun í siglingum og tryggja að starf sambandsins byggir á virðingu fyrir umhverfi og samfélagi.
- Hampa siglingaarfleifð og menningararfi þjóðar sem byggt hefur lífsviðurværi sitt á sjósókn.

Tilgangur og viðhorf

SÍL er sérsamband um siglingaíþróttir á Íslandi. Íþróttastarf er kjarninn í allri starfsemi sambandsins, en jafnframt er viðurkennt að stór hluti iðkenda siglir og rær sér til ánægju, heilsubótar og til að efla lífsgleði. Sambandið vill styðja bæði keppnis- og yndissiglingar, þannig að allir geti fundið sína leið og þroskast sem siglingafólk. Innan sambandsins eru siglingafélög um land allt sem eru mismunandi að stærð og búa við mjög misgóðar aðstæður.

Að standa í stað er stöðnun – framtíðarsýn Siglingasambands Íslands byggir á virku samstarfi siglingafélaga og metnaði allra sem að íþróttinni koma. Því fleiri sem taka þátt í starfi okkar, þeim mun öflugri verður siglingahreyfingin á Íslandi.

Langtímamarkmið (10 ár): Sjálfbær félög sem ala upp siglingafólk til lífstíðar.

Yfirmarkmið: Stækkun siglingasamfélagsins

Markmið sambandsins er að auka fjölda iðkenda siglinga á öllum aldri og í öllum greinum með áherslu á aðgengi, fræðslu, öryggi og ánægju. Með markvissri stefnumótun í menntun, afreksstarfi og viðburðum verður unnið að því að gera siglingar sýnilegri, aðgengilegri og eftirsóknarverðari íþrótt og lífsstíl. Til að ná því markmiði eru þrjú meginverkefni í forgangi:

- Menntun
- Afreksstarf
- Viðburðir

Þannig náum við að byggja upp breitt og virkt samfélag siglingafólks á öllum aldri þar sem þátttaka, þekking og samstarf eru í forgrunni.

Áherslur og aðgerðir:

Samvinna

- Samráð um lykilaðferðir til þróunar og stækkunar hreyfingarinnar.
- Sameiginleg áætlun félaga um fjölgun iðkenda og bátakost.
- Þróun ungmennaverkefna á landsvísu þar sem siglingar eru kynntar sem ævintýralegur og heilbrigður lífsstíll.

Fræðsla

- Útgáfa handbókar SÍL um bestu aðferðir og skipulag.
- Samræmdar kennsluáðferðir fyrir allar gerðir báta.
- Fræðsla til stjórnarmanna og félaga um stefnumótun og sjálfbæran rekstur.
- Samstarf við skóla og háskóla um kennslu og valgreinar tengdar siglingum.

Útbreiðsla

- Koma á fót farandsiglingaskóla til að efla starf í minni byggðum.
- Stofnun svæðisbundinna menntunarmiðstöðva/siglingamiðstöðva í öllum helstu landshlutum.

Langtímamarkmið (10 ár): Sjálfbær félög sem ala upp lífstíðar siglingafólk.

1. Menntun

Markmið: Að efla þekkingu, fagmennsku og gæði íþróttarinnar með stöðugri menntun þjálfara, keppnisstjóra, stjórnarmanna og iðkenda.

Áherslur og aðgerðir:

- Þjálfaramenntun með alþjóðlegum viðmiðum (World Sailing) sem þegar hefur verið innleitt víða.
- Viðhalda og endurnýja viðurkenningu félaganna innan fjögurra ára.
- Efla menntun keppnisstjóra og stefna að því að minnsta kosti einn alþjóðlegur keppnisstjóri verði kominn til starfa innan tveggja ára.
- Byggja upp stjórnunarmenntun fyrir siglingafélög.
- Innleiða kjölbátakennslu og útgáfu skemmtibátaskírteina.
- Vinna með kayakræðurum og róðrafólki að aukinni fræðslu og auka samræmingu milli félaga.
- Nýta stafrænar lausnir til að gera fræðslu aðgengilega um land allt fyrir alla.

Aðgerðaáætlun

2026

- Innleiða stjórnendamenntun fyrir stjórnir siglingafélaganna. Unnið verði í samstarfi ÍSÍ og SÍL þannig að fyrsta námskeið verði haldið á vormánuðum.
- Yfirferð með Kayakklúbbunum varðandi kennsluaðferðir og skráningu.
- Yfirferð með ræðurum á kennsluaðferðum og skráningu báta.

2027

- Skemmtibátanám SÍL verður innleitt sem og aukinþjálfun kennara. Samningar við ríki útgáfu varðandi skírteina og viðurkenningu þeirra.

2028

- Útgáfa skírteina.

2029

- Endurnýja vottun Alþjóðasiglingasambandsins (World sailing).

2. Viðburðir

Markmið: Að efla félagslega þátttöku og keppni með fjölbreyttum, faglega skipulögðum og eftirsóttum viðburðum.

Áherslur og aðgerðir:

- Bæta utanumhald og skipulag siglingaviðburða.
- Stofna til reglulegra haustfunda um bestu aðferðir, svokallað klúbbþing að fyrirmynd norrænna þjóða.
- Tryggja að stærri félög hafi viðburðastjóra og að minnsta kosti tvo menntaða keppnisstjóra.
- Auka fjölda handhafa keppnisleyfa
- Halda reglulega alþjóðlega siglingaviðburði á Íslandi.
- Sækja um að halda alþjóðleg stórmót (EM eða HM).
- Byggja upp alþjóðlega viðurkennda keppnis- og þjálfunaraðstöðu.
- Hýsa alþjóðleg málþing og námskeið.

Aðgerðaáætlun

2026

- Styrkja enn frekar þann hóp sem hefur tekið þátt í keppnisstjórn. Bæta viðburðina enn frekar. Hafin útgáfa skírteina fyrir keppnisstjóra.
- Halda fyrsta klúbbþing SÍL.

2027

- Erlent mót haldið hér á landi.

- Gefa áhugasömum keppnisstjórum möguleika á að taka þátt í keppnisstjórn erlendis.

2028

- Alþjóðlegt málþing /ráðstefna haldin á Íslandi.

2029

- Fjöldi handhafa keppnisleyfa hafi aukist um 30%.

3. Afreksstarf

Markmið: Að tryggja að íslenskt siglingafólk standi jafnfætis sterkustu þjóðum heims með markvissu afreksstarfi og faglegum stuðningi.

Áherslur og aðgerðir:

- Setja á fót afreksmótunaráætlun SÍL með skýrum ferlum og ólíkum leiðum sem hægt er að fara (pathways).
- Skilgreina reglur um val í landslið, fastmóta umgjörð varðandi styrki og samninga.
- Halda reglulegar æfingabúðir og auka áherslu á hæfileikamótun.
- Byggja upp afrekshópa (minnst 4 fullorðnir, 4 ungmenni, 4 U16 í Optimist).
- Ná topp 10 sæti á sterkum alþjóðlegum mótum (Norræn mót, Euro Cup, EM/HM).
- Tryggja sæti og verðlaun á Heimsmeistaramóti eða Ólympíuleikum.
- Viðhalda stöðugri framleiðslu afrekshópa.

Aðgerðaáætlun

2026

- Setja skýrari reglur um landsliðsval og þátttöku ungmenna í erlendum mótum.
- Gera formlega samninga við landsliðshóp.

2027

- Festa betur í sessi það starf sem nú fer fram.

2028

- Afrekshópar verði orðnir stærri.
 - minnst fjórir í afrekshóp fullorðinna.
 - minnst fjórir í ungir og efnilegir.
 - U16 4 öflugir keppendur í Optimist.

2029

- Ná topp 10 sæti á sterkum alþjóðlegum mótum.
- Til sterkra móta teljast m.a.:*
 - Norræna ungmennamótið, (ILCA 6 og Optimist).
 - Euro Cup mótarið ILCA.
 - EM og HM annarra bátaflokka en ólympískra.

2030

- Ná að tryggja sæti á Ól á Heimsmeistaramóti í Ilca.

2032

- Topp 10 á Ólympíuleikum.

2036

- Stöðug framleiða afrekssiglingafólks.

Mælikvarðar árangurs

- Fjölgun menntaðra þjálfara, dómara og keppnisstjóra.
- Fjöldi viðburða og þátttaka á mótum innanlands og erlendis.
- Fjöldi alþjóðlegra viðurkenninga og verðlauna.
- Ánægja félagsmanna samkvæmt árlegri könnun.
- Fjölgun skráðra iðkenda og félagsmanna.